

Eð.

510. Breytingartillögur

við frv. til hafnarlaga fyrir Hafnarfjörð.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt, þegar fje er fyrir hendi, að leggja fram úr ríkissjóði alt að 250000 — tvö hundruð og fimtíu þúsund — krónur til hafnarbyggingar í Hafnarfirði, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Framlag ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 700000 — sjö hundruð þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að taka til hafnargerðarinnar.